



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 10. júní 2020  
Tilvísun í mál: R20030023

Til forsætisnefndar  
Ráðhús Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um stafrænt merki Reykjavíkurborgar.***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 04. júní 2020, þar sem óskað er eftir svari skrifstofustjóra stafrænnar Reykjavíkur á þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins þar sem óskað er eftir upplýsingum um kostnað við hönnun á stafrænu merki borgarinnar og hvernig hönnunaraðilar voru valdir.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur



Reykjavík, 10. júní 2020  
R20030023  
PON  
PS

Sent til forsætisnefndar

## Svar

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

---

**Efni:** *Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um stafrænt merki Reykjavíkurborgar.*

Þann 29. maí 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram í forsætisnefnd svohljóðandi fyrirspurn:

*Hvað kostar hönnun að nýju stafrænu merki Reykjavíkurborgar tæmandi talið? 2.  
Hvernig voru aðilarnir sem eru að hanna merkið valdir?*

Fyrirspurninni var vísað til skrifstofustjóra stafrænnar Reykjavíkur 04. júní 2020.

**Svar:**

### 1. Kostnaður við vinnu vegna stafræns merkis er eftirfarandi

Laun starfsmanns Stafrænnar Reykjavíkur	125.867kr
Rannsóknarvinna og hönnun hjá Vinnustofu Erlu og Jónasar	425.790kr
Rannsóknarvinna og hönnun hjá Skrín hönnun ehf.	90.000kr
	<i>Samtals 641.657kr</i>

### 2. Samstarfsaðilar

Merkið er hluti af nýju stafrænu hönnunarkerfi sem verður innleitt á næstunni. Kerfið mun flýta fyrir þróun á stafrænum vörum og spara kostnað við hönnun á þeim.

Samstarfsaðilar fyrir hönnunarkerfið voru valdir með markaðskönnun í upphafi árs 2019 þar sem fyrirtækjum á markaði var boðið að kynna sínar lausnir með tilliti til gæða og verðs. Niðurstaða markaðskönnunar var sú að samið var við nokkur fyrirtæki sem í samstarfi studdu

okkur í þeirri vegferð að byggja upp hönnunarkerfið. Stafræna merkið er unnið sem viðbót við hönnunarkerfið enda verkefnið þess eðlis að heillavænt þótti að tengja það saman.

Hönnuðurnir að baki stafræna merkisins, Vinnustofa Erlu og Jónasar og Skrín hönnun ehf., hafa mikla reynslu af vinnu með stafrænum vörum og útgáfu stafrænna merkja, þeirra hugmyndir og verð þóttu standa upp úr af þeim sem kynntu hugmyndir sínar varðandi stafrænt merki.



Virðingarfyllt,  
Þröstur Sigurðsson